

## Berist til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

1. desember 2020

### Efni: Umsögn UNICEF á Íslandi um kynrænt sjálfræði og ódæmigerð kyneinkenni

UNICEF á Íslandi fagnar framkomnum frumvörpum til laga um kynrænt sjálfræði og lýsa samtökin yfir stuðningi við það markmið að bæta stöðu barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni. Breytingin sem frumvarpið boðar er framfaraskref í átt að betri innleiðingu Barnasáttmáls, sem lögfestur var á Íslandi árið 2013.

Frumvarpið leggur grunn að lagaramma varðandi málefni barna með ódæmigerð kyneinkenni auk eflingar eftirlits og kæruehimild vegna vanefnda. Mikilvægt er að tryggja öllum börnum þann stuðning sem þau hafa þörf fyrir. UNICEF á Íslandi tekur undir með Mannréttindaskrifstofu Íslands sem bendir á mikilvægi þess að fötluð börn njóti einnig þeirrar réttarbótar sem er lögð til, auk þess sem tekið verði tillit til ólíks menningarbakgrunns.

Jafnframt er mikilvægt að jafnræðis sé gætt. Tveir hópar barna með ódæmigerð kyneinkenni eru undanskildir þeirri lagalegu vernd sem frumvarpið áskilur. Líkt og Intersex Ísland hefur bent á, er hægt að veita þessum hópum barna læknismeðferð þegar barn hefur náð aldri til að tjá sig um vilja sinn til inngripsins, kynvitund þess hefur verið staðfest og ljóst er að það þjóni hagsmunum barnsins að framkvæma inngripið. Þar vega þungt mögulegar aukaverkanir af inngripum sem geta haft áhrif á almennt heilbrigði barnsins. Einnig er vert að minnst á að þrátt fyrir að frumvarpið fjalli um ódæmigerð kyneinkenni, er í athugasemdum fjallað sérstaklega um forhúðaraðgerðir af trúarlegum- og menningarlegum ástæðum í tilvikum þar sem forhúð er dæmigerð. Er þar sérstaklega tekið fram að slíkar aðgerðir falli utan gildissviðs laganna.

Af skilgreiningunni og meginreglum frumvarpsins leiðir að svokallaðar forhúðaraðgerðir eða „umskurður drengja“, í tilvikum þar sem kyneinkenni eru dæmigerð, falla utan gildissviðs laga um kynrænt sjálfræði. Forhúðaraðgerðir eru nú gerðar hér á landi af heilsufarslegum ástæðum og er algengasta orsök sú að forhúð er of þröng og veldur sársauka, þvaglátsvandamálum, sýkingum, vandamálum við kynlíf o.fl. Getur því reynst heilsufarslega nauðsynlegt að fjarlægja fremri hluta forhúðar eða opna án þess að fjarlægja. Þegar börn yngri en 16 ára eiga í hlut falla slíkar aðgerðir undir 4. gr. frumvarpsins, enda teljast kyneinkenni í slíkum tilvikum ódæmigerð. Aðgerðirnar eru heimilar með þeim skilyrðum sem 4. gr. frumvarpsins setur, þ.e. með samþykki barns eða, ef barn er ófært um að veita samþykki, þegar heilsufarslegar ástæður liggja að baki, og skal þá fylgja þeirri málsmeðferð sem þar er mælt fyrir um. Forhúðaraðgerðir í tilvikum þar sem forhúð er dæmigerð og þar sem slíkar aðgerðir kunna að vera gerðar eða fyrirhugaðar af trúarlegum eða menningarlegum ástæðum falla utan gildissviðs frumvarpsins og hafa ákvæði frumvarpsins því engin áhrif á það hvort slíkar aðgerðir eru gerðar eða heimilar.

Ef markmið stjórnvalda er að vernda rétt barna til þess að eiga hlutdeild í ákvörðunum sem varða líkama þeirra og heilbrigði ættu lögin að endurspegla þann vilja og börn að njóta jafnræðis. Í viðbótarskýrslu félagasamtaka til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2020<sup>1</sup> segir að gefa þurfi barni kost á að taka sjálft ákvörðun um umskurð, þ.e. þegar það hefur náð viðeigandi þroska og þekkingu til að geta tekið upplýsta ákvörðun. UNICEF hvetur því allsherjar- og menntamálanefnd til þess undanskilja ekki sum börn frá þeirri vernd sem lögunum er ætlað að veita.

Virðingafyllst,



---

Birna Þórarinsdóttir  
Famkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

---

<sup>1</sup> Viðbótarskýrsla við fimmtu og sjöttu skýrslu Íslands til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna 2020: [https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/vidbotarskyrsla\\_islenska.pdf](https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/vidbotarskyrsla_islenska.pdf)